

98

samþykkis amtsráðsins til þess, að mega taka bráðabirgðalán upp á allt að 2000 kr. gegn sjálfskuldarábyrgð stjórnarnefndarmanna, þar fje vantaði til þess að skólahúsbyggingin, sem byrjað er á, kæmist upp, og í annan stað til þess að mega útvega ábyrgð þeirra 4 sýslufjelaga sem skólastofnunina eiga, til að taka lán, sem næmi hjer um bil þeirri upphæð, sem áður er nefnd, eða ef til vildi nokkuð meira, og sem mætti standa um lengri tíma, en það fje, sem stofnunin á nú fyrirbyggjandi, nemur hjer um bil 6500 krónum, sem eigi munu hrökkva til þess, að ljúka við smíði hússins.

Amtsráðið samþykkti, að stjórnarnefndin mætti taka hið umrædda bráðabirgðalán, og fól jafnframt stjórnarnefndinni að útvega ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda fyrir láni úr landsbankanum, sem nægði til þess, að fullkomna húsið, og sem mætti standa ef unnt væri í 10—15 ár. Ábyrgð sýslunefnda yrði að vera orðuð á þá leið, að þær skuldbindi sig allar fyrir eina og ein fyrir allar, en að því leyti er snertir innbyrðis samband sýslunefndanna í þessu tilliti, byggir amtsráðið á því, að hvert sýslufjelag beri  $\frac{1}{4}$  hluta lánsins.

1. Brjef skólastjórans á Hólum, 19. f. m., þar sem hann ber undir amtsráðið úrskurð stjórnarnefndarinnar um ýmisleg atriði, er snerta skyldur námssveina og rjettindi þeirra. Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi álits stjórnarnefndarinnar um þetta skjal.

- m. Framlagt var annað brjef skólastjórans dags. 19. f. m., þar sem hann ber undir amtsráðið, hvort stjórnarnefndinni sje heimilt, að gera nokkrar verulegar breytingar, sem miða til þess, að auka skaðaprócentur hans eða draga úr gróðaprócentum fram yfir það, sem ákveðið hafi verið og venja hafi verið til, þegar honum var veitt forstaða skólans, að öðru leyti en því, sem ákveðið sje með hinni gildandi reglugjörð.

Amtsráðið ályktaði, að það gæti ekki fengizt við, að svara slíkri almennti fyrirspurn, en öðru máli væri að gegna, ef eitthvert sjerstaklegt misklíðarefni lægi fyrir í þessu tilliti milli skólastjóra og stjórnarnefndar, sbr. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið á 3. fundardeg.

Akureyri, 24. júní 1892.

*J. Havsteen.*

100

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í austuramtinu 4.—6. júlí 1892.

Ár 1892, mánudaginn 4. júlí var aðalfundur amtsráðsins í austuramtinu settur og haldinn á Seyðisfirði af forseta amtsráðsins amtmanni J. Havsteen og amtsráðsmönnunum sjera Einari Jónssyni á Kirkjubæ og Sigurði búfræðing

Einarssyni á Hafursá. Amtsráðsmaður Jakob Gunnlögsson hafði teppst á leið- **100**  
inni og kom ekki fyr en á öðrum fundardegi.

1. Forseti skýrði frá endurnýjaðri amtsráðsmannskosningu í Norður-Pingeyjarsýslu (sbr. Stj.tíð. 1891, bls. 120), sem fjell þannig að kosinn var verzlunarstjóri Jakob Gunnlögsson á Raufarhöfn.

Skrifari amtsráðsins var kosinn sjera Einar Jónsson í Kirkjubæ.

Ákveðið var að verja mætti til skipta við amtsráðið milli funda 40 kr.

2. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 25. ág. f. á., sem prentað er í Stj.tíð. 1891, B, bls. 156—157, um skiptin á sjóðum, eignum og skyldum Norður- og Austuramtsins, og enn fremur brjef amtsins 14. maí s. á. um tillögur þess viðvíkjandi þessari skipting, sem fram fór um síðastliðin áramót, og skýrði forseti frá, hvernig skiptin hefðu fallið, sbr. tölul. 2. í skýrslu um fund amtsráðs Norðuramtsins 1.—3. júní 1892.
3. Framlagður var reikningur yfir tekjur gjöld jafnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins 1891, sem amtsráðið í Norðuramtinu hafði þegar úrskurðað. Amtsráðið yfirfór reikninginn og samþykkti hann.
4. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar ýmsra sjóða fyrir 1891:
  - a. Búnaðarsjóðs Norður- og Austuramtsins.
  - b. Búnaðarskólasjóðsins, sem nú tilheyrir Norður-Pingeyjarsýslu.
  - c. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar.
  - d. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.

Amtsráðið yfirfór reikninga þessa og samþykkti þá.

Forseti skýrði frá, að búnaðarsjóður Austuramtsins ætti nú sem stæði í peningum 107 kr. 15 aur., en þegar rentur í júnigjaldþaga nú koma inn, verða til í sjóði 172 kr. 67 aur. Amtsráðið ályktaði, að það, sem til yrði í sjóði við árslok næstu, skyldi leggjast til búnaðarskólans á Eyðum og hinar árlegu tekjur sjóðsins eptirleiðis fyrst um sinn.

5. Amtsráðið veitti sjera O. V. Gíslasyni 100 kr. af jafnaðarsjóði í sama tilgangi og amtsráð Norðuramtsins, (sbr. tölul. 9. í fundargjörð 1.—3. júní 1892).
6. Forseti framlagði bænarskrá frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey, ásamt endurriti og reikningi skólans og skólaskýrslu fyrir 1890—91, um nokkurn styrk af jafnaðarsjóði Austuramtsins. Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. úr jafnaðarsjóði en gekk út frá því sem sjálfsögðu, að námsmeyjar úr amtinu fengju aðgang að skólanum eins og hingað til.
7. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann mæltist til þess, að amtsráðið vildi veita kvennaskólanum á Laugalandi styrk úr jafnaðarsjóði, og fylgdi brjefinu reikningur skólans 1891 og skóla-skýrsla fyrir 1891—92. Amtsráðið veitti skólanum 50 kr. styrk, en gekk út frá því sem sjálfsögðu, að námsmeyjar úr amtinu fengju aðgang að skólanum sem hingað til.
8. Forseti lagði fram brjef frá ritstjóra cand. phil. Skapta Jósepssyni, 4. þ. m., þar sem hann skýrir frá framkvæmdum sínum í Kaupmannahöfn til

100

þess að stofna bókasafn handa Austuramtinu. Hafði hann eptir framlögðum skilríkjum fengið 300 kr. styrk í 3 ár (1892, og 1893 og 1894) til stofnunar safnsins hjá hinu Classenska Fideikominis; enn fremur hafði Árna Magnússonar nefndin gefið til bókasafnsins þau rit, sem nefndin hefir gefið út og hafði til. Svo hafði og Þjóðvinafjelagið gefið til hins fyrirhugaða bókasafns allar bækur, sem það hefur útgefið, og bókasöllumennirnir Hegel og Höst í Kaupmannahöfn gefið hvor nálægt 100 bækur. Þessar bækur eru í vörzlum ritstjórans, sem skýrði svo frá, að hann hefði fengið loforð frá hinu íslenzka bókmenntafjelagi og frá ýmsum bóksölum öðrum í Kaupmannahöfn, en áður voru nefndir, um bækur.

Amtsráðið ályktaði, að þakka skyldi ritstjóra Skapta Jósepssyni fyrir góðar framkvæmdir hans í þessu tilliti, og að stofna bókasafn fyrir Austuramtíð, sem skyldi geymast á Seyðisfirði, og veitti safninu 200 kr. af jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár. Í stjórn safnsins voru kosnir: amtsráðsmaður sjera Einar Jónsson í Kirkjubæ, sem skyldi vera formaður nefndarinnar og gjaldkeri, ritstjóri Skapti Jósepsson og skólakennari Lárus Tómasson á Seyðisfirði, sem skyldi vera bókavörður og hafa í árleg laun 20 kr. fyrst um sinn, og voru nefnd þessari settar ýmsar reglur um stjórn og meðferð safnsins.

9. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1893.

## Tekjur:

|                                             |             |
|---------------------------------------------|-------------|
| 1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1892 . . . . . | kr. 800,00  |
| 2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .             | — 1600,00   |
|                                             | Kr. 2400,00 |

## Gjöld:

|                                                                   |             |
|-------------------------------------------------------------------|-------------|
| 1. Amtsráðið . . . . .                                            | kr. 500,00  |
| 2. Sáttamál . . . . .                                             | — 20,00     |
| 3. Heilbrigðismál . . . . .                                       | — 250,00    |
| 4. Menntamál . . . . .                                            | — 350,00    |
| 5. Heyrnar- og málleysingar . . . . .                             | — 580,00    |
| 6. 6. afborgun og vextir af Skjálfandafljótsbrúarláninu . . . . . | — 81,48     |
| 7. Kostnaður við notkun fangahússins á Eskifirði . . . . .        | — 50,00     |
| 8. Óviss gjöld . . . . .                                          | — 568,52    |
|                                                                   | Kr. 2400,00 |

10. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 1. febr. þ. á., þar sem heimtað er álit amtsráðs og sýslunefndanna í Múlasýslunum um hina fyrirhuguðu sameining Austur-Skaptafellssýslu við Austuramtíð, og hjer að lútandi brjef sýslumanna og sýslunefndanna eða álit þeirra um þetta mál. Enn fremur var framlagt brjef frá sýslunefndarmanni Þorvarði Kerúlf, 22. f. m., viðvíkjandi þessu máli.

Álit sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu gengur út á, að sameiningin

fari fram eða komiðt á; á hinn bóginn hafa ýmsar skoðanir komið fram **100** um það, hvernig þessari sameining yrði bezt ákomið; 7 atkvæði eru með því, að Austur-Skaptafellssýsla sameinist við Austuramtíð í sveitarstjórnarlegu tilliti, en skuli eptir sem áður að öðru leyti tilheyra Suðuramtinu; svo hafa 6 atkvæði verið með því, að Austur-Skaptafellssýsla sameinist að öllu leyti við Austuramtíð, en þannig, að Austur-Skaptafellssýsla yrði sýsla sjer undir sjerstökum sýslumanni, en Múlasýslurnar látnar halda sjer eins og þær eru nú. Svo er tekið fram, að 2 sýslunefndarmenn hafi beðið atkvæði sín bókuð þannig, að Austur-Skaptafellssýsla yrði sýsla sjer, en ef það ekki fengist, vildu hlutaðeigendur ekki álita það frágangssök, að nefnd sýsla verði sameinuð við Suður-Múlasýslu í eina sýslu, sem yrði hin nýja Suður-Múlasýsla, þannig að Mjóafjarðar, Norðfjarðar, Eyða, Valla og Skriðdalshreppar sameinuðust við Norður-Múlasýslu.

Álit meiri hluta sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu fer fram á, að sameining Austur-Skaptafellssýslu við Austuramtíð eigi sjer stað þannig, að nefnd sýsla verði lögð til Suður-Múlasýslu, en úr henni skyldi aptur Eyðahreppur, Vallahreppur, Skriðdalshreppur, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur leggjast til Norður-Múlasýslu. Minni hlutinn vill aptur að hinn síðast nefndi hreppur verði eigi tekinn frá syðri sýslunni.

Í framlögðu brjefi er sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu á móti þessu fyrirkomulagi, þar sem sýslan sje nógu stór eins og hún nú er; samt virðist hann ekki hafa neitt á móti því, að Eyðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur verði lagðir undir Norður-Múlasýslu án launaviðbótar.

Í brjefi Þorvarðar læknis Kerúlfs eru ástæður færðar fyrir því, að Reyðarfjarðarhreppur sje lagður til Norður-Múlasýslu.

Eptir ítarlegar umræður um þetta mál varð niðurstaðan sú, að meiri hluti amtsráðsins (2 atkvæði, því einn amtsráðsmaður var ókominn) lagði það til að Austur-Skaptafellssýsla yrði að öllu leyti lögð undir Austuramtíð þannig að sýslan yrði sameinuð við Suður-Múlasýslu í eitt lögsagnarumdæmi og að Eyða, Valla, Skriðdals, Mjóafjarðar og Norðfjarðarhreppar í Suður-Múlasýslu yrðu sameinaðir við Norður-Múlasýslu; sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu skyldi helzt vera búsettur á Djúpavogi. Tillaga minni hlutans (forseta) var sú, að ef Austur-Skaptafellssýsla yrði lögð undir Austuramtíð þá skyldi það vera að öllu leyti, bæði í sveitarstjórnarlegu- og umboðslegu tillilli, og þannig að hún yrði sýsla eða lögsagnarumdæmi út af fyrir sig.

11. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta og fjallskil m. fl. Amtsráðið staðfesti þetta frumvarp þannig, að það næði gildi 1. jan. 1893. Samt vildi amtsráðið taka það fram, að síðasti stafl. í 4. gr., um það, hvernig færi, ef skotmaður vanrækti skyldur sínar, yrði að skiljast á þá leið, að hlutaðeigandi gæti lagt mál sitt undir dóm, ef hann ekki gerði sig ánægðan með það, að

100

hreppsnefnd eigi vildi borga honum kaup hans. Að því leyti sem svo er ákveðið í 5. gr., að sá, sem drepí svonefndar hlaupatóur, skuli hafa fyrir hverja 6 kr., sem greiðist úr sýslusjóði, þá áleit amtsráðið, að þetta gjald væri skoðað sem sjerstök verðlaun, en kostnaður við vinnslu grenja greiðast annars úr sveitarsjóðunum, sbr. 7. gr. reglugjörðarinnar.

12. Frumvarpi til reglugjörðar fyrir Norður-Píngeyjarsýslu um fjallskil var synjað um staðfesting.
13. Frumvarpi til reglugjörðar fyrir Norður-Píngeyjarsýslu um eyðing refa var einnig synjað um staðfesting.
14. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja 3. marz þ. á., þar sem hann út af áskorun neðri deildar alþingis 1891 um breyting á aðalpóstleiðinni í Píngeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu (sbr. þingskjal 412), mælist til þess, að fá álit hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráða um það, hvort ástæða væri til að gera breytingu þá, sem áskorunin fer fram á. Forseti skýrði amtsráðinu frá hjer að lútandi álití sýslunefndanna í Píngeyjarsýslunum, sem fallast á tillögu neðri deildar í samhljóðun við álit það, sem nefndirnar höfðu látið uppi 1888, (sbr. þó tillögu sýslunefndarinnar í Norður-Píngeyjarsýslu um stefnu aðalpóstleiðar yfir Hólsstíg að Raufarhöfn), en sem eigi var farið eptir, heldur eptir álití amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu, sbr. brjef landshöfðingja, 8. maí 1890, (Stj.tíð. 1890, B, bls. 74—75).

Forseti skýrði amtsráðinu frá niðurstöðu þeirri, sem amtsráðið í Norðuramtinu hefði komizt að á ný-afstöðnum fundi þess 1.—3. júní þ. á., sem er í samhljóðun við það álit, sem amtsráðið hafði látið uppi á fundi sínum 28.—29. júní 1888, en þar hafði amtsráðið haft fyrir augum, að einhverntíma mundi koma að því, að brúuð yrði Jökulsá á Fjöllum skammt frá Svinadal, og væri þá rjettast að leggja aðalpóstveginn þar um.

Framlagt var álit sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu ásamt ítarlegri umsögn nefndar þeirrar, sem sýslunefndin hafði skipað til þess að íhuga þetta mál. Álitsskjöl þessi falla saman við ályktun neðri deildar alþingis 1891 um stefnu aðalpóstleiðarinnar eða göngu aðalpóstsins milli Akureyrar og Seyðisfjarðar, þó að því undanteknu, að aðalpóstleiðin skyldi ekki ganga norður að Sauðanesi og þaðan yfir Sauðanesháls, sem er illur yfirferðar, heldur að Ytri-Brekkum eða Þórshöfn og svo þaðan yfir Brekknaheiði, og skyldi pósturinn ekki þurfa að leggja leið sína um Krossavík, sem neðri deild alþingis tilnefnir. Auk þess hafa þessi álitsskjöl inni að halda ítarlegar tillögur um göngu aðalpósta um Norður-Múlasýslu.

Eptir ítarlegar umræður varð það niðurstaðan, að meiri hluti amtsráðsins (forseti og amtsráðsmaðurinn úr Norður-Píngeyjarsýslu), lagði það til, að það fyrirkomulag á aðalpóstleiðinni milli Akureyrar og Seyðisfjarðar, sem nú er, sbr. brjef landshöfðingja 8. maí 1890, hjeldist, svo og ganga aðalpóstsins milli nefndra staða og ganga aukapóstsins milli Grenjadarstaðar og Vopnafjarðar um Raufarhöfn.

Minni hluti amtsráðsins aðhylltist tillögur sýslunefndarinnar í Norður- 100  
Múlasýslu að öllu leyti.

15. Forseti skýrði frá, hverjar aðgerðir hefðu fram farið á aðalpóstleiðinni í Suður-Múlasýslu 1891 fyrir þann helming sýsluvegasjóðsgjaldsins, sem nota skal til aðalpóstvega, og hvað vinna skyldi að vegabótum þar á yfirstandandi ári, og gat þess, að hann hefði góðar vonir um, að fje yrði veitt á næsta ári til vegagjörðar á Fjarðarheiði. Forseti gat þess að landshöfðingi hefði endurveitt 250 kr. til vörðuhleðslu á Möðrudalsheiði, sem framkvæmd verður nú í sumar.
16. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 5. þ. m. og þar með útdrátt úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 1. þ. m., þar sem minnst er á framkvæmdir búnaðarfjelaga. Amtsráðið áleit sjer þetta mál óviðkomandi.
17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 5. þ. m. og útskrípt úr gjörðabók sýslunefndarinnar viðvikjandi samþykki til þess, að hreppsnefndin í Seyðisfjarðarhrepp megi verja 1300 kr. af innstæðu hreppsins til skólahúsbyggingar á Vestdalseyri. Amtsráðið áleit, að þetta mál næði eigi til sín, sbr. 26. gr. 6. sveitarstjórnartilskipunarinnar.
18. Reikningar búnaðarskólans á Eyðum, fyrir árin 18<sup>89/90</sup>, 18<sup>90/91</sup> og 18<sup>91/92</sup> voru lagðir fram og úrskurðaðir.

Jafnframt þessu var lagt fram brjef sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, 5. þ. m., ásamt endurriti af brjefi hans til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, 9. marz þ. á., en eptir því eiga að standa inni hjá síðar nefndum sýslumanni eða sýslusjóðnum 1262 kr. 43 a. Þetta áðurnefnda brjef sjest að vera lagt fram á fundi sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu 30. marz til 1. apríl þ. á., en það sem bókað er um þetta mál undir tölulið 23 er enganveginn fullnægjandi, og ályktaði amtsráðið, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu skyldi láta frá sjer til gjaldkera skólans hið árlega tilfallandi búnaðarskólagjald jafnóðum og það til fjelli, því þetta gjald er engin tekjugrein sýslusjóðsins. Ennfremur ber sýslumanni tafarlaust að gera upp viðskipti sýslusjóða Múlasýslunnanna við sýslumanninn í Norður-Múlasýslu og borga út það, sem til kann að vanta af hálfu Suður-Múlasýslu, en það, að fé kann að leggjast til skólans úr Norður-Þingeyjarsýslu, kemur alls ekki þessu máli við.

19. Samkvæmt fyrirætlum landshöfðingja hafði forseti amtsráðsins leitað álita sýslunefnda um sameining hinna núverandi búnaðarskóla hjer á landi samkvæmt ályktun alþingis, og sjer í lagi leitt athygli að þingskjali 429 í C-deild alþingistiðindanna, sem er álit nefndar þeirrar, er neðri deildin skipaði til þess að ihuga þetta mál. Forseti skýrði frá því, að 3 af hinum 4 sýslunefndum í norðuramtinu hefðu verið á því, að hafa að eins 2 búnaðarskóla fyrir allt land, og skyldi þá annar vera fyrir norður- og austuramtíð; nefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hafði sett nefnd til þess að ihuga þetta mál og segja álit sitt um það. Ennfremur skýrði forseti frá

100

niðurstöðu þeirri, sem amtsráðið í norðuramtinu hefði komið að, sem var sú, að þeir tveir skólar, sem væru í norður- og austurlandi fengju að haldast fyrst um sinn, en á hinn bóginn var ráðið því ekki mótfallið, að einn búnaðarskóli væri fyrir bæði ömtin.

Sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafði sett nefnd til að semja álit um málið, er skyldi lagt fyrir næsta fund sýslunefndarinnar. Sömuleiðis höfðu sýslunefndirnar í Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu skipað nefndir til þess að íhuga þetta mál og segja álit sitt um það, en nú var að eins komið álit nefndarinnar í Norður-Múlasýslu, sem er það, að búnaðarskólunum verði haldið jafnmörgum og nú væru þeir, í samhljóðun við álit það, sem nefnd, er sýslunefndin hafði skipað og tveir alþingismenn sátu í, hafði látið uppi, og sem var lagt fram.

Það var samhuga álit amtráðsins, að rjett væri, að búnaðarskólar þeir, sem nú væru, fengju að haldast, og vildi, eins og sýslunefndin í Norður-Múlasýslu láta þá ósk í ljósi, að meiri styrkur yrði veittur skólanum á Eyðum úr landssjóði, en hann hingað til hefir orðið aðnjótandi.

20. Í sambandi við það spursmál, sem nú var rætt, stendur spursmálið um hluttekning Norður-Þingeyjarsýslu annaðhvort í búnaðarskólanum á Eyðum eða í skólanum á Hólum, og skírskotaði forseti til þess, sem gerst hafði í þessu tilliti á fundi amtsráðsins 3.—6. júní f. á. (sbr. Stj.tíð. 1891, B, bls. 127). Nú var komin yfirlýsing sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu og vill hún taka Norður-Þingeyjarsýslu í sambandið með þeim skilyrðum, að sýslan leggi það til, sem hún á í búnaðarskólasjóði og hið árlega búnaðarskólagjald sitt, og taki tiltölulegan part í kostnaðinum við skólahaldið á Eyðum, en ef skólaeigninni yrði skipt, þá skyldi Norður-Þingeyjarsýsla eiga part í henni að tiltölu við upphæð þá, sem búnaðarskólasjóðshlutinn næmi.

Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hafði nú á fundi sínum 1. þ. m. látið í ljósi, að hún vildi taka Norður-Þingeyjarsýslu í samband við Múlasýslurnar um búnaðarskólalahaldið á Eyðum, með þeim skilyrðum, að til skólans rynni sá hluti, sem Norður-Þingeyjarsýsla á í búnaðarskólasjóði og hið árlega búnaðarskólagjald, og að sýslan öðlaðist þar með rjett til að eiga tiltölulegan hluta í skólaeigninni. Amtsráðið fjellst að öllu leyti á tillögur sýslunefndarinnar í Norður-Múlasýslu um þetta mál, þannig, að þessi tiltölulegi hluti reiknist eptir tillögum sýslufjelaganna til skólans frá upphafi, og vænti þess, að sýslunefndin í Suður-Múlasýslu, sem forseti aptur hafði lagt mál þetta fyrir með brjefi 7. f. m., mundi sýna þá tilslökun, að heimta eigi, að Norður-Þingeyjarsýsla tæki tiltölulegan part í hinum árlega kostnaði við skólalahaldið á Eyðum, enda mundi tillag sýslunnar í þessu tilliti verða mjög lítið, og svo væri slíkt skilyrði ekki heimtað fyrir sameining Norður-Þingeyjarsýslu við norðuramtíð um Hólaskóla. (Framhald.).

#### VEITT SÝSLAN.

5. september var kaupstjóri *Tryggvi Gunnarsson*, r. af dbr. og dbrm. af landshöfðingja skipaður framkvæmdastjóri landsbankans frá 1. maí 1893 að telja.

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í austuramtinu 4.—6. júlí 1892.

(Framh.).

Ef nú ályktun sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu færi í þá átt, sem amtsráðið vonaði eptir og álitu æskilegast, ályktaði það, að biðja landshöfðingja að skipa svo fyrir, að Norður-Píngeyjarsýsla tæki þátt í skólahaldinu á Eyðum með þeim skilmálum, sem sýslunefndin í Norður-Múlasýslu og amtsráðið stingur upp á, en skyldi sýslunefndin í Suður-Múlasýslu móti von verða því alveg fráhverf, að fylgja amtsráði og sýslunefndinni í Norður-Múlasýslu, þá væri ekki annað fyrir, en að Norður-Píngeyjarsýsla gengi í fje­lagsskap við norðuramtíð um Hólaskóla, sem væri þó heldur óviðkunn­legt og til tjóns fyrir Eyðaskólann.

21. Samþykkt var, að sýsluvegasjóður Norður-Múlasýslu tæki að sjer þriðjung af 4,000 kr. láni, sem Seyðisfjarðarhreppur vill taka til þess að brúa Fjarðará.
22. Samþykkt var, að sýslunefndin í Norður-Múlasýslu mætti verja 750 kr. á þessu ári og 750 kr. næsta ár til gufubátsferða um Lagarfljótsós, ef fje fengist á móti úr landssjóði, sem amtsráðinu þótti eigi líklegt.
23. Forseta var falið að staðfesta frumvarp til fjallskilareglugjörðar fyrir Norður-Múlasýslu, þegar frumvarpið kæmi frá sýslumanni, eða synja því um staðfestingu, eptir því sem við ætti.
24. Fram voru lög eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:
  - a. Frá Norðurpíngeyjarsýslu fundargjörðir frá 12. júní 1891 og frá 4.—6. apríl 1892.
  - b. Frá Norður-Múlasýslu fundargjörðir frá 8. oktbr. 1891, frá 19. apríl 1892 og frá 1.—2. júlí s. á.

Sýslunefndin hafði jafnað niður of háu sýslusjóðsgjaldi og var það samþykkt.

  - c. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 6. október 1891 og frá 30.—31. marz 1892.

Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að sýslunefndin mætti jafna niður 1687 kr. og 14 aur., eða 21 e. á hvert hundrað, sem fer langt fram úr því, sem mátti jafna niður, sem sje 760 kr. og 80 aur. samkvæmt 43. gr. (sbr. 26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar. Á fundi sínum 6. nóvbr. f. á, hafði sýslunefndin ályktað, að leggja 250 kr. í 2 ár til þess, að koma upp gufudragferju á Lagarfljótsós upp á væntanlegt til­lag upp á 6000 kr. úr landssjóði, sbr. fjárlögin 1892—93, 12. gr. C., e. Út af þessu hafði forseti í brjefi til sýslumannsins, dags. 5. jan. þ. á., látið í ljósi, að tillagið mundi ekki fást út borgað úr landssjóði með þessu móti, því tillagið væri veitt til gufubátsferða á austfjörðum. Forseti hafði því ráðið til þess, að sýslunefndin tæki þetta málefni til ítarlegrar yfirvegunar

7. dag septbr.mán. 1892.

á næsta aðalfundi sínum, en á þeim fundi felldi nefndin málefnið frá frekari umræðu; svo hefir nefndin sett í áætlun sína um tekjur og gjöld sýslusjóðsins 1892, 250 kr. til »gufuskipsferða á Austfjörðum«. Forseti lýsti því yfir, að hann ljeti sjer það liggja í ljettu rúmi, þótt sýslunefndin gengi út frá því, að fje, sem í fjárlögunum væri ætlað til gufuskipsferða á Austfjörðum, fengist útborgað til þess að koma upp gufuferju á Lagarfljótsós. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að áðurnefndar upphæðir mættu greiðast úr sýslusjóði, þótt það lægi í augum uppi, að þetta fjárframlag mundi lítið duga nema styrkurinn fengist úr landssjóði.

25. Fram voru lagðir til rannsóknar og úrskurðaðir eptirnefndir sýslusjóðs-reikningar fyrir 1891, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið.

a. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

b. Við reikninginn úr Norður-Múlasýslu fannst að eins að athuga, að fylgiskjöl 6, 7, 8 og 14 um fæðispeninga og ferðakostnað sýslunefndarmanna úr Fljótsdalshrepp, Fellnahrepp, Hlíðarhrepp og Jökuldalshrepp eru að eins yfirlýsingar oddvita, og þarf að senda kvittanir hlutaðeigandi sýslunefndarmanna. Með því skilyrði, að þetta yrði gert sem fyrst, samþykkti amtsráðið reikninginn. Út af því, að þessi reikningur kom eigi til forseta tyr en í gær (5. júlí) vildi amtsráðið leiða athygli sýslumanns að fyrirmælum 41. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, en samt væri nóg að reikningar væru endurskoðaðir af endurskoðanda sýslunefndarinnar á aðalfundi nefndarinnar.

c. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu hafði endurskoðandi gert þær athugasemdir, sem ritaðar eru á reikninginn.

Jafnframt því, að geta þess, að svör reikningshaldara væru eigi allveg fullnægjandi, lagði amtsráðið úrskurð á þessar athugasemdir.

26. Forseti lagði fram til rannsóknar og úrskurðar eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1891.

a. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

b. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar gert athugasemdir og var úrskurður lagður á þær.

Reikningurinn úr Norður-Múlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta að úrskurða hann, þá er hann væri kominn; jafnframt vildi ráðið leiða athygli sýslumannsins að fyrirmælum 41. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

27. Amtsráðið samþykkti að borga mætti 8 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir fundarstofu með hita.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

*J. Havsteen. Einar Jónsson. Sigurður Einarsson. Jakob Gunnlögsson.*

Akureyri, 12. ágúst 1892.

*J. Havsteen.*